



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 7.tbl.

Ágúst 2013

Sumartónleikar í Árnesi!



*Söngvarinn Bjarni Arason, tenórsöngvarinn
Egill Árni Pálson og sópransöngkonan
Þóra Gylfadóttir ásamt Jóni Bjarnasyni
píanóleikara munu halda tónleika í Árnesi
sunnudaginn 25. ágúst kl. 20:30.*

Efnisskráin verður fjölbreytt og skemmtileg. Gospel, íslenskar einsöngsperlur, ariur, dúettar og margt fleira spennandi. Fjölmönnum og tókum þátt í skemmtilegum menningarviðburði í sveitinni okkar ☺

Hlökkum til að sjá ykkur !!

Aðgangseyrir kr. 2000.-



Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. sept. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Alltaf til skemmtilegar bækur!

Og alltaf hægt að skila. *Munið lúguna!*

Opnum aftur eftir sumarfrí 22. ágúst 2013,


kl. 20:00—22:00.



S: 486-5505 www.eggnir.is

bokasafn@skeidgnup.is

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00—22:00 ☺




Þjórsárdalur!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúrufegurð svæðisins. Höfundar:

Ari Trausti Guðmundsson og Valdimar Leifsson.

Fæst í Þjórsárstofu og kostar kr. 1.500, -

Góð gjöf til vina erlendis t.d.



Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Leikskólinn Leikholt óskar eftir starfskrafti sem fyrst.

Um tímabundið starf er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Björk Gylfadóttir, leikskólastjóri, sími: 486 5586 og 895 2995 og/eða á

leikskoli@skeidgnup.is

Þjorsárstofa opin alla daga kl. 09:00 -17:00!

Margmiðlunarsýning um Þjorsá alla daga. Mynd um Þjorsárdal eftir Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson, ca 20 mínútur sýnd alla sunnudaga í Þjorsárstofu kl. 13:00. Markaður með vörum “Beint frá býli.” (svínkjöt, sauðakjöt og nautakjöt á grillið.) Kaffihús í hliðarsal. Pizzavagninn í Árnesi sunnudaga frá 11:00 —13:00

thjorsarstofa@skeidgnup.is www.thjorsarstofa.is

Sími: 486-6115

Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir!

Lífrænn úrgangur jarðgerður innan sveitar.

Verið er að gera samning við Skaftholt, sjálfseignastofnun, um að taka við lífrænum úrgangi frá íbúum sveitarfélagsins og jarðgera hann. Sveitarfélagið mun sjá um að koma úrganginum í Skaftholt. Okkur hefur fundist eitthvað óeðlilegt við að verið sé að keyra lífrænan úrgang frá íbúunum úr héraðinu með tilheyrandi kostnaði og oliueyðslu. Það er ánægjulegt að þörf skuli vera fyrir þetta hráefni hér innan sveitar.

Þarna erum við með hráefni sem gagnast vel starfsemiinni í Skaftholti Þess má geta að við munum samhliða þessu vinna að því að þeir sem þess óska útbúi holur fyrir lífræna úrganginn heima á bæjunum. Þá erum við að tala um að boruð verði 1-2 metra hola 45 cm við og í hana settur lífrænn úrgangur frá heimilinu á hverjum stað. Stefnt er að því að 1. október næstkomandi verði flutningi lífræns úrgangs úr sveitarfélaginu hætt.

Ég lít svo á að hér sé verið að taka stórt framfaraskref í umhverfismálum.

Kveðja. Kristófer.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Þjórsárskóli verður settur
föstudaginn **23. ágúst kl. 14:00**


í sal skólans. Hin árlega útilega í Þjórsárdal verður fimmtudaginn 29.—30. ágúst nk. Hlökkum til að sjá ykkur öll hress og kát eftir sumarið.

Bestu kveðjur. Bolette, skólastjóri.



Staða umsjónarmanns með útleigu
Brautarholts laus til umsóknar

Staða umsjónarmanns með útleigu Félagsheimilisins Brautarholts er laus til umsóknar. Starfið felst í aðalatriðum í því að skrá niður bókanir í húsið og senda til skrifstofu. Sjá um upplýsingagjöf til leigjenda, opna og loka húsi þegar samkomur eru haldnar og sjá um og fylgjast með þegar gestir eru í húsinu og þrifa eftir samkomur. Allar nánari upplýsingar gefur Kristófer í síma 486-6100. Umsóknar-frestur er til 20. ágúst og umsóknir berist á kristofer@skeidgnp.is



Dósasöfnun!

Við Stefanía Katrín (t.h) og Sesselja Hansen vorum að safna dósum og flöskum í tilefni þess að við erum að fara til Danmerkur með Flúðaskóla í lok ágúst. Við viljum þakka öllum þeim sem tóku vel á

móti okkur og styrktu okkur til fararinnar.





Fjallskil á Gnúpverjaafrétti!

Þeir sem ætla að sækja um leit á
Gnúpverjaafrétti í haust hafi

samband við Lilju í síma 847-8162

fyrir 21. ágúst n.k.

Afréttarmálanefnd.



Tilvonandi fjallmenn í Austurleit Flóa- og Skeiða athugið!

Þeir sem vilja fara í leit í fjallsafni
Austurleitar, Flóa—Skeiða hafi samband við
Ingvar í síma 891-9597 fyrir **28. ágúst n.k.**



Þá er þeim, bent á, sem hafa áhuga á að fara í
eftirsafn sömu leitar (**Austurleitar Flóa og
Skeiða**) að hafa samband við Hafliða Sveinsson
í síma 869-2228 einnig fyrir **28. ágúst n.k.**



Stjórn Afréttarmálafélags
Flóa– og Skeiða.



Uppsveitahringurinn 2013

Laugardaginn 7. september, n.k., verður íþróttaviðburðurinn

„Uppsveitahringurinn“ haldinn í annað sinn þar sem hlaupið og hjólað verður um uppsveitir Árnessýslu. Keppnin er í tengslum við Uppskeruhátíðina í Hrunamannahreppi sem fram fer sama dag.

Vegalengdirnar í ár eru 10 km. hlaup, 46 km. hjólreiðar og 10 km. hjólreiðar sem er ný grein í Uppsveitahringnum í ár. Ein drykkjarstöð verður á leiðinni. Í hlaupinu og 10 km. hjólreiðunum verður lagt af stað frá Reykholti og endað á Flúðum, keppendur verða að koma sér sjálfir á milli staða.

Í lengri hjólreiðunum verða þátttakendur ræstir út á Flúðum og munu þeir hjóla hring um uppsveitirnar sem er um 46 km að lengd. Lagt verður af stað frá Flúðum og hjólað í gegnum Skeiða- og Gnúpverjahrepp, þaðan yfir í Bláskógabyggð, í gegnum Laugarás og Reykholt, yfir brúnna við Bræðratungu og inn á Flúðir í Hrunamannahreppi þar sem endamarkið verður staðsett. Í þessari vegalengd verða ræstir út tveir hópar, skemmtihjólreiðahópur og keppnishjólreiðahópur. Gæsla verður í höndum björgunarsveitanna í uppsveitunum.

Tímasetningar

Kl. 10.30 – Skemmtihjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.00 – Keppnishjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.30 – Hlauparar leggja af stað frá Reykholti.

Kl. 13.30 – Hjólreiðahópurinn (10 km.) leggur af stað frá Reykholti.

Verðlaunaafhending fer fram á Flúðum að lokinni keppni eða um kl. 14.00.

Skráning er á www.hlaup.is en skráningarfrestur er til fimmtudagsins 5.

september. Þátttökugjald er 2.000 kr., nema í 10 km. hjólreiðarnar þar sem gjaldið er 1.000 kr. Frítt verður í sund fyrir keppendur í sundlaugarnar á Flúðum og í Reykholti. Allir keppendur fá bol sem merktur er hlaupinu.

Allir keppendur fá verðlaunapeninga, en veitt verða sérstök verðlaun fyrir 3 efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Keppendur geta nálgast keppnisnúmer og keppnisgögn milli kl. 16:00-18:00 föstudaginn 6. september í Íþróttamiðstöðinni í Reykholti. Þá er einnig hægt að nálgast keppnisgögnin milli kl. 9:00-11:00 að morgni keppnisdags. Hægt að skrá sig í keppnina á þessum tíma en þá bætast 1.000 kr. við þátttökugjaldið. Starfsmaður Uppsveitahringins er Ívar Sæland og er síminn 863-5231 og netfangið ibbisaeli@gmail.com

Nánari upplýsingar verða settar inná heimasíður sveitarfélaganna þegar nær dregur keppninni. Slóðirnar eru: www.blaskogabyggd.is, www.fludir.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Undirbúningsnefndin

Mikilvægi þess að hrósa!

Frá því að ég flutti aftur í sveitarfélagið hefur mér fundist það einkennandi að samfélagið, bæði einstaklingar og stofnanir, eigi erfitt með að hrósa og sjá í hversu frábæru og stórkostlegu sveitarfélagi við búum í. Ef til vill eru íbúar meðvitaðir um þessar staðreyndir en hvernig geta aðrir vitað það ef ekki eru látnar í ljós þessar ánægju skoðanir. Flestar skoðanir sem heyrast eru óánægju raddir og ég heyrir þær yfirleitt í tengslum við skólana, bæði leik- og grunnskóla, enda starfa ég innan þess geira.

Skólamálin eru og hafa ávallt verið viðkvæm og eldfim. Oft þarf einungis örlítinn kveikivökva til að mynda stórt bál og nýlegasta bálið er ef til vill umræðan um flutning grunnskólans upp á Flúðir, sem samkvæmt öllu er ekki á döfinni.

Skólar kosta auðvitað mikið í rekstri en þeir laða einnig að sér nýja íbúa, ferska anda og margar fjölbreyttar hugmyndir en nemendur eru afskaplega hugmyndaríkir og lausnamiðaðir einstaklingar.

Ég var á málþingi í júní þar sem ég lenti í því að vera sett í einskonar ræðustól og þar þurfti ég að segja frá hvaða skóla ég kæmi. Eftir umræðufundinn gekk til mín annar kennari sem er starfandi í Reykjavík og spurði hvort honum hefði ekki heyrst rétt til að ég væri starfandi kennari í Þjórsárskóla. Þegar ég játaði því sagði hann við mig „Já, ég hef heyrt um hann. Skilst að það sé rosalega flott starf unnið þar, sérstaklega í sambandi við nærumhverfið.“

Ég fylltist stolti. Þarna var kennari sem ég hafði aldrei séð áður að hrósa skólanum okkar. Hrósmenningin að grunnskóla okkar finnst mér sjaldgæf í nærsamfélagi okkar og mættu vera fleiri.

Ég er auðvitað ekki hlutlaus aðili í skólamálum þar sem ég er kennari en sem foreldri barna í leikskólanum okkar, þá er ég með stjórnur í augunum. Ég hef sjálf unnið í þó nokkrum leikskólum og ég hef aldrei komist í kynni við leikskóla sem þennan. Leikskólakennararnir þekkja öll börn leikskólans með nafni og leikskólabörnir þekkja einnig hvort annað. Rýmið sem börnin hafa er með eindæmum mikið ef ég miða við þá sem ég hef starfað hjá. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla er aðdáunarvert og gerir aðlögun barna milli skólastiga mun auðveldari. Það er líka gaman fyrir þann kennara sem tekur við börnunum að kynna persónu þeirra, styrkleikum og veikleikum og á þann hátt getur hann undirbúið betur efni 1. bekkjar svo það hæfi verðandi grunnskólabörnum.

Það er mín skoðun að við, hreppurinn í heild, gætum horft oftar á jákvæðu hliðarnar og hrósað hvort öðru fyrir hluti sem eru inntir vel af hendi, þeir þurfa ekki að vera fullkomnir til þess að vera góðir.

Ég vil ljúka þessu á því að hrósa þeim aðilum sem stóðu að rafvæðingu tjaldstæðisins hér í Árnesi. Mér finnst það mikil bót fyrir sveitarfélagið því að við viljum fá Íslendingana til okkar á tjaldstæðin og þeir sækja helst í tjaldstæði með rafmagni nú til dags og gott umtal er besta auglýsingin.

Förunum nú að hugsa frekar um hvað sé vel gert og hvað maður er þakklátur fyrir, það gerir lífið bæði einfaldara og skemmtilegra.

Með bestu kveðju, Hildur Lilja Guðmundsdóttir.



Fréttir frá Leikholti

Af okkur er allt gott að fréttu. Veðrið í ágúst var dásamlegt og við vorum mikið úti að leika og læra. Okkur finnst heldur ekkert leiðinlegt þegar að rignir því þá er hægt að hoppa í pollunum og sulla. Við erum meira segja að útbúa okkur drullumalla - svæði með mold☺



Pann 28.ágúst sl. var okkur boðið í Slakka í Lauarási.

Börnin í Stórholti og þrjú elstu börnin í Smáholti fóru í þessa ferð ásamt leikskólakennurum. Helgi tók á móti okkur og bauð okkur velkomin.



Síðan voru dýrin skoðuð og leikið á úti-vistarsvæðinu. Kettlingarnir voru vinsælastir því það var hægt að halda á þeim og strjúka þeim. Svínin voru frekar fyndin, hlaupandi inn og út úr húsinu sínu. Páfagaukarnir höfðu frekar hátt og hvolpanir voru með ærsl.

Þegar leið að hádegi og allir orðnir svangir bauð Helgi okkur pylsur og ís í eftirrætt.

Þetta var nú aldeilis skemmtilegt heimboð, takk fyrir það Helgi.



Sömu vikuna eða fimmtudaginn 30.ágúst sl. var börnunum í Stórholti boðið að koma í Kertasmiðjuna til Rögggu og búa til kerti.

Þetta var mjög spennandi og skemmtilegt. Takk fyrir að bjóða okkur Ragga ☺

Við notum talsvert af óhefðbundnum efnivið í leikskólanum t.d. samanlímdar salernispappírsrúllur sem eru mjög vinsælar í byggingaleiki og hlutverkaleiki. Hér eru börnin búnin að búa til sjóræningjaskip og síðan var farið í siglingu um höfin blá með sjóræningjakort í fórunum. Bara skemmtilegt. Nú er skipulegt starf komið af stað hjá okkur og margt spennandi framundan. Einkunnarorð okkar eru : gleði -vinsemd-virðing og þau höfum við að leiðarljósi.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti



Kertasmiðjan Brautarholti
486 5518— 663-4666
www.kertasmidjan.is



Velferðarþjónusta Árneshóla í Laugarási
Sími 480-1180 Fax: 480-1181
Félagsmálastjóri: María Kristjánsdóttir



Sárabót


Fyrir alla ----- við öllu.


Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur.

Höfum til sölu þetta frábæra krem.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047-8986047-8658776.





Kvennareidin 19. júní 2013

Hist var á hlaðinu í Stóru-Mástungu I og riðið sem leið lá veginn upp að Minni-Mástungu. Komið var við í gljúfrunum og síðan riðið austur brautina, framhjá „veiðihúsi“ refaskyttunnar, yfir



í Stóru-Mástungu II og þaðan að sauðahúsinu í Stóru-Mástungu I. Þar leyndist ljúf „hræra“ á milli steina sem gladdi kvinnur mjög. Frá sauðahúsinu lá leiðin aftur heim að Stóru-Mástungu I þar sem *Grillvagninn* mætti og bauð upp á dýrindissteik.

Veðrið sýndi á sér ýmsar hliðar og gekk á með skúrum en heitt var í veðri og sól í sinni. ☺

Nokkrar konur sungu mikið, aðrar minna, flestar konur fóru í leiki og allar konur hlógu og eða brostu. 28 konur voru ríðandi og síðan bættust 4 við þegar kom að snæðingi.



Næstu nefnd skipa **Sigurlín Grímsdóttir, Votumýri og Vilborg Ástráðsdóttir, Skarði.**

Skv. gestabók *Kvennareiddinnar* hafa konur hist og riðið um sveitir 19. júní síðan 1984 og er því stórafmæli á næsta ári!



Nefndin 2013 þakkar kærlega fyrir góðan dag og samveru alla.

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi.

Anna Kr. Ásmundsdóttir, Stóru-Mástungu.

Opinn dagur!

Laugardaginn 24. ágúst verður opinn dagur í Skafttholti milli kl. 14:00 og 17:00.

Lífrænar veitingar og grænmetissala.

Einnig viljum við minna á að á hverjum laugardegi milli kl. 14:00 og 17:00 er lífrænn grænmetismarkaður á staðnum.

Úrvalið eykst: Tómatar, gúrkur, grænkál, blómkál, spergilkál, steinselja og sitthvað fleira.

Heimilisfólkið Skafttholti.



Fjárréttir í skeiða- og Gnúpverjahreppi 2013

Skaftholtsréttir, föstudaginn 13. september.

Fé rekið inn í almenning kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 14. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.

Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilegar tafir vegna fjárrekstra geta orðið á vegi nr. 30—Skeiðavegi þann 14. september og vegi nr. 32 Þjórsárdalsvegi, dagana 12. og 13. september (þó eru sumar hjáleiddir færar.)



Fylgist með á www.skeidgnup.is
vegna nánari tímasetninga á fjárrekstrum
Sveitarstjóri.

Myndlistar- Sýning í Árnesi!

Sölusýning.

Gunnhildur Þórunn Jónsdóttir
frá Hvolsvelli sýnir nú
olíumálverk í kaffihúsi
Þjórsárstofu í Árnesi.



Hún leitar fanga í náttúru landsins og einnig er
íslenska sauðkindin og hestarnir henni
hugleikin í verkunum.

Sýningin stendur til 29. ágúst
og opið er frá kl. 09:00 - 17:00.

Allir hjartanlega velkomnir.

46. Fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðjudaginn 02.07 2013 kl. 20:00

Mætt til fundar: Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir, Sigrún Guðlaugsdóttir og Halla Sigríður Bjarnadóttir en hún mætti í stað Jóns Vilmundarsonar. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Hann óskaði eftir að málum nr. 17 tilboð í glerskipti í Árnosi og nr. 18 staðfesting á samningi SASS og sveitarfélagsins um almenningssamgöngur yrði bætt á dagskrá. Það var samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð Fræðslunefndar Flúðaskóla. Fundargerð lögð fram og samþykkt.

2. Breyting samþykkt Háskólafélags Suðurlands. Beiðni lögð fram um að sveitarfélagið falli frá forkaupsrétti á auknu hlutafé í Háskólafélaginu.

Beiðni samþykkt samhljóða.

3. Ráðningarmál skólastjóra og leikskólastjóra. Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur um nokkurt skeið verið að skoða kosti og galla þess að sameina yfirstjórn grunnskólans þ.e. Þjórásarskóla og leikskólans Leikholts. Þar sem skólastjórar beggja skólanna voru ráðnir sumarið 2012 var talin ástæða til tímabundinnar ráðningar meðan könnun færi fram. Af ýmsum ástæðum er þeirri könnun ekki lokið. Vegna þeirra hugmynda var send fyrirspurn til starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga hvort framlengja mætti tímabundna ráðningu skólastjórnenda. Fyrstu svör bentu til þess að framlengja mætti ráðningasamninga tímabundið. Vegna rökstuddra andmæla skólastjóra grunn skóla var send ítarlegri fyrirspurn til Sambandsins. Við þeirri fyrirspurn komu þau svör að mjög ströng skilyrði væru fyrir framlengingu tímabundinnar ráðningar og ákveðinn vafi að þau væru uppfyllt.

Því samþykkir sveitarstjórn að bjóða skólastjórunum Bolette Höeg og Sigríði Björk Gylfadóttur fastráðningu. Tillaga samþykkt samhljóða.

4. SASS. Styrkir til atvinnuefninga. Stefna í atvinnumálum. Lagt fram og kynnt.

5. Hagsmunasamtök heimilanna. Stöðvun nauðungarsölu heimila. Lagt fram og kynnt.

6. Fundargerð 26. fundar Skólanefndar, leikskólamál. Fundargerð samþykkt.

7. Umsókn Búnaðarfélags Gnúpverja um iðnaðarlóðir. Félagið óskar eftir að fá til úthlutunar lóðir nr. 6 og 8 við Suðurbraut. Samþykkt að úthluta áður nefndum lóðum til Búnaðarfélags Gnúpverja.

8. Tilnefning fulltrúa í vinnuhóp um fyrirhugaða friðlýsingu Kerlingafjalla Svæðis. Fram kom tilnefning Sigprúðar Jónsdóttur Geldingaholti.

- Tilnefning samþykkt samhljóða.
9. Samþykktir Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Seinni umræða. Framlögð drög að samþykktum sveitarfélagsins samþykkt samhljóða með lítilsháttar breytingum. Sveitarstjóra falið að sjá til þess að samþykktirnar verði auglýstar í Stjórnartíðindum.
 10. Framvinda eftir lokun skólaskrifstofu Suðurlands. Oddviti greindi frá um ræðum er fram hafa farið um málið í NOS nefnd. Oddvita veitt umboð til vinna að framgangi málsins fyrir hönd sveitarfélagsins.
 11. Ábyrgð sveitarfélags vegna lántöku Fjarskiptafélags Skeiða- og Gnúp verja hrepps. Samþykkt samhljóða að sveitarfélagið veiti ábyrgð á fyrirgreiðslu til Fjarskiptafélagsins allt að 40.000.000 kr.
 12. Minkabú að Ásum. Niðurstaða Verkfræðistofu Suðurlands um staðsetningu. Lögð var fram og kynnt greinargerð frá Bárði Árnasyni hjá Verkfræðistofu Suðurlands varðandi kosti um staðsetningu minkabús jarðarinnar Ása.
 13. Þjórsárstofa rekstrarmál. Sveitarstjóri lagði fram og kynnti tölur úr rekstri Þjórsárstofu. Rekstur stendur undir sér.
 14. Laun sveitarstjórnarfulltrúa. Lagðar voru fram og samþykktar vinnureglur vegna leyfis fulltrúa í sveitarstjórn. Þegar kjörinn sveitarstjórnarmaður biður um leyfi frá setu í sveitarstjórn, skal hann ekki þiggja laun þann tíma sem leyfið stendur, enda komi varamaður inn í hans stað.
 15. Lausaganga búfjár. Fundarmenn ræddu um búfjárhald og sérstaklega um lausagöngu búfjár. Sveitarstjóra falið að undirbúa opinn kynningarfund um reglur um búfjárhald (lausagöngu búfjár) í ágúst næstkomandi.
 16. 60. fundur skipulags- og byggingarfulltrúa. Mál nr. 5, 7, 13, 25, 31 og 36 þarfnast umfjöllunar.
- Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa. Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 25. maí til 26. júní 2013.
- Mál nr. 7: Ásólfstaðir I lnr. 166538 og II lnr. 166539. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og gerir ekki athugasemd við skiptingu lands milli þjóðveggar og Þjórsár en bendir einnig á að æskilegt væri að yfirfara skráningu á núverandi stærð jarðanna miðað við fyrirbyggjandi hnit setningu m.t.t. núverandi stærðarskráningu í landsskrá fasteigna og m.t.t. lóða sem stofnaðar hafa verið úr jörðunum.
- Mál nr. 13: Kálfhóll 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að grenndarkynna tillögu að nýju gistihúsi í landi Kálfhóls með fyrirvara um að það verði í a.m.k. 500 m fjarlægð frá svínabúi.
- Mál nr. 25: Dsk. Brautarholt á Skeiðum. Sveitarstjórn samþykkir breytingu skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga.
- Sveitarstjórn telur ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 31: Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og gerir engar athugasemdir við fyrirbyggjandi verkefnalýsingu.

Mál nr. 36: Svæðisskipulag. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar um að fela skipulagsfulltrúa að undirbúa sérstakan fund skipulagsnefndar um svæðisskipulagsgerð eftir miðjan ágúst.

17. Tilboð í glerskipti í Árnesi. Harpa Dís Harðardóttir vék af fundi. Tré og straumur og Þrándarholt sf. Skiluðu inn tilboðum. Tré og straumur átti lægsta tilboð 3.720.020 kr. Sveitarstjóra falið að ganga frá verkamningi við Tré og straum.

18. Samningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi um almenningssamgöngur. Samningur staðfestur.

Mál til kynningar

A. Innleiðing stafræns skipulags.

B. Fundargerð 806 fundar sambands Íslenskra sveitarfélaga.

C. Fundargerðir 11, 12 og 13 fundar Samtaka orkusveitarfélaga.

D. Fundargerð Snf Félr. gjafafélags og SÍS.

E. Leiðbeiningarfélag Skipulagsstofnun.

F. Könnun íþróttastyrkur Grunnskóla 2012

G. Mál til umsagnar frá Velferðarsviði Alþingis nr. 6, 7 og 25.

H. Lokaskýrsla ungt fólk og lýðræði.

I. 30. fundur samstarfsnefndar FG og SNS.

J. Saman. Samvera fjölskyldunnar.

K. Fundargerð. Huggarður.

L. Umsögn Landsvirkjunar vegna friðlands í Þjórsárverum.

Fundi slitið kl 22:15.

Næsti fundur sem fyrr segir ákveðinn 13. ágúst næstkomandi.

Viðvera oddvita á skrifstofu alla þriðjudaga kl. 09-12

Björgvin Skafti Bjarnason oddviti verður með viðtalstíma alla þriðjudaga kl. 09 - 12 í fundarherbergi skrifstofunnar í Árnesi.

www.skeidgnup.is

Á bak við eldavélina!

Það er Rosemarie B. Þorleifsdóttir í Vestra- Geldingaholti sem deilir með okkur sínum uppskriftum.

Ég tek áskoruninni Habbý mín, og takk fyrir kveðjuna.

Nú er mikil silungur í vatninu mínu og ætla ég að senda uppáhalds silungaréttinn okkar hér á bæ.

STEIKTUR SILUNGUR

A-la VESTRA-GELDINGAHOLT

Silungurinn er flakaður, svo þarf hveiti, dill, salt og pipar sem er blandað saman.

Egg sem silungnum er velt upp úr, og síðan upp úr hveiti-blöndunni. Magn eftir þörfum.

Flökin steikt á þönnu í byrjun er fiskhliðin látinn snúa niður og síðan roðið.

Þá er það **SÓSAN** sem er toppurinn á réttinum. Þá þarf smjör eða matarolíu. Tómatar, spergilkál, sveppir og paprika, allir litir. Allt saxað smátt og látið krauma í feitinni þar til að það er mjúkt og fínt. Rækjurnar hitaðar (mega ekki soðna) Flökin lögð á fat og sósunni hellt yfir og rækjunum. Borið fram með kartöflum og fersku salati.

Í eftirrétt er tilvalið að bjóða upp á Pipptertu sem er mjög vinsæl hér á bæ af börnum og barnabörnum.

PIPPTERTA.

4 eggjahvítur, 200gr sykur, 1tsk lyftiduft

3 bollar Rice Krispie.

Egg og sykur stífþeytt, rice krispie og lyftiduft blandað varlega saman við. Þetta eru 2 botnar. Bakað við 150 °C í 20 til 30 mín.



3 stykki Píppsúkkulaðið brytjað 1/2 líter rjómi þeyttur blandað saman og sett á milli botnana. Gott er að frysta tertuna en má borðast strax

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU.

Ég vil svo skora á mína kæru Zontasystur Guðnýju í Laxárdal að koma með uppskrift í næsta fréttabréf.

Njótið sumarblíðunnar,

Rosemarie Brynhildur Þorleifsdóttir.



“Þótti þér ekki Ísland þá,
yfirbragðsmikið til að sjá.



Málverkasýning — Heklumyndir
í Árnesi 30. ágúst — 3. september n.k.

Kæru sveitungar.

Þar sem ég stend nú á tímamótum og hef eytt og notið stærstan hluta frístunda minna í sveitinni okkar, afi minn fæddur á Skriðufelli og ólst þar upp og flutti fertugur með fjölskyldu héðan, en var ætíð með hugann hér eystra.

Seinna var ég “kaupamaður” í Steinsholti, kynntist konunni minni hér en hún var öllum stundum á Hæli, ættarheimili sínu. Síðan eignuðumst við hjón land og aðstöðu hér í sveit. Hér erum við í unaðsreit í stórkostlegu héraði meðal tápmikils fólks og vina.

Hekla hefur stöðugt meira seiðmagn og uppbygging Skaftholtsréttta - sameiginlegt áhugamál okkar margra hefur veitt okkur mikla gleði og aukið samtakamáttinn.

Í tilefni af 70 ára afmæli mínu verða sýnd átján málverk af Heklu í minni eigu, bæði olíu – og vatnslitamyndir eftir jafnmagra höfunda, dagana 30. ágúst—3. september í kaffihúsinu í Árnesi.

Verið hjartanlega velkomin.
Kristján Guðmundsson.

“Hestamessa” í Stóra-Núpskirkju

18. ágúst kl. 14:00

Prestur: sr. Halldór Reynisson


Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir

Þetta er síðasta messa sr. Halldórs hjá okkur hér að Stóra-Núpi, sr. Eiríkur Jóhannsson tekur aftur til starfa þann 1. september eftir eins árs hlé.

Árið hefur liðið ótrúlega hratt og viljum við þakka

sr. Halldóri innilega fyrir hans góðu nærveru,

sálgæslu og uppbyggingu alla um leið og við bjóðum sr. Eirík hjartanlega velkominn aftur til okkar.




En nú ætlum við ríðandi til kirkju þann 18. ágúst og boðið verður upp á hressingu eftir messu að gömlum og góðum sið en aðeins þó með “þýsku ívafi.” Hestarétt er við kirkjuna og getum við því boðið fararskjótunum stað við hæfi til að kasta mæðinni á meðan á messu stendur. Í fyrra var þetta skemmtileg og gefandi stund og vonumst við til að sjá sem flesta koma á gæðingum sínum til kirkju í ár, hvort sem hestaflíð verður eitt eða fleiri... Því allir eru hjartanlega velkomnir.




Sóknarnefnd
Stóra-Núpskirkju.

Sími prestakallsins
er 856-1572

***Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti,
sími 486-6017.***





Menn og málefni!

Þann 7. ágúst s.l. eignuðust Irma Elisa Diaz Cruz og Guðmundur Árnason Bugðugerði 7b í Árnasi stúlku sem vó 4.482 gr og 50 cm. Fyrir eru þau systkinin Jörundur Tadeo sem er í leikskóla og Ásta Ivalo hún er komin í grunn-skóla.

Þá eignuðust þau Einar Kári Magnússon frá Hamratungu og Lilja Rún Bjarnadóttir úr Skagafirði sitt fyrsta barn þann 27. júlí s.l. Það er drengur sem vó 3.625 gr og 50 cm. Þau búa að Hátúni í Skagafirði.



Þann 24. maí s.l. útskrifaðist svo Blanca-Lisetta Winter, í Borgarkoti úr Tækniskólanum, í Fataiðn og kláraði sveins-prófið í kjólasaum í byrjun júní og þann 4. júlí. eignaðist hún og Einar Örn Þrastarson, Reykjavík stúlku. Hún var 51 cm löng og vó 3.890 grömm. Fjölskyldan býr í Reykjavík.



Við óskum fjölskyldunum innilega til hamingju með börnin sín og Blanca fær einnig innilegar hamingjuóskir með áfangann.



VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!

Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Bjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykkjum, baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsubrauð og tómatabrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Jóga!

Jóganámskeið hefst þann 2. september n.k.
og verður til 6. nóvember.

Ætla ég að hafa tvo hópa, tímar verða tvisvar í
viku, á mánudögum og miðvikudögum, kl 17:15
og kl 20:00. Kennslustaður er heima hjá mér
í Birtingaholti 4.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 868-5751

Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir, jógakennari.



Fatamarkaður í sumar, í Bugðugerði 7b, Árnesi!

Til sölu “Second hand” A flokkur af fötum á konur, karla
og krakka! Sama verð á öllum stærðum og gerðum! **1.500,-
stk.** Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er
yfirleitt heima. Síminn er 663-0289. - Lítið við! Irma.



Vantar þig sérstaka gjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði.
Hálsfestar, hálskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki,
vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars
staðar. Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 898-6047 / 486-6047.


Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir
konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og
fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Sumaropnun gámasvæða til 25. ágúst!



Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:00 - 17:00 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Brautarholt: mánud. og miðvikud. kl 15:00 – 17:00 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Vetraropnun gámasvæða frá og með 26. ágúst n.k!

Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl 09:00 - 10:30 og laugardaga kl 10:00 - 12:00.

Brautarholt: mánud. og miðvikud. kl 09:00 – 10:30 og laugardaga kl 13:00 - 15:00.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahæjum utan auglýsts opnunar-tíma er bent á að hafa samband í **síma 893-4426.**

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Sveitarstjóri.

Ragnheiður er ný íslensk ópera eftir Gunnar Þórðarson, tónskáld og Friðrik Erlingsson. Óperan er síðrómantísk, melódísk og við alþýðuskap. Óperan verður frumflutt í konsertformi á þrennum tónleikum í Skálholtskirkju, dagana 16., 17. og 18. ágúst, undir stjórn Petri Sakari. Flytjendur eru 50 manna sinfóníuhljómsveit, ásamt Kammerkór Suðurlands og 9 einsöngvurum.

Látum þetta ekki framhjá okkur fara. **Miðasala á www.midi.is**

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir

Litun og pökkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Í ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán



Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Laugarvatn Fontana er opið allt árið, en breytingar
geta orðið á afgreiðslutíma á hátíðisdögum.

SUMARTÍMI

1. júní - 18. ágúst 2013 Opið daglega 10:00—23:00
Sérstakur opnunartími á sólstöðum frá 20. - 24. júní 2013
10:00 - 01:00 (eftir miðnætti)

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Við erum nú ekki að segja að sumarið sé búið, en.....

BEKINA
stígvél



Gúmmískór



Reiðskór



Sokkar



Regnföt



**Múlar -
höfuðleður**



Hliðgrindur

Hliðgrind/léttgrind-teina 208cm
Hliðgrind/léttgrind-teina 258cm
Hliðgrind/léttgrind-teina 358cm
Hliðgrind/léttgrind-teina 408cm
Hliðgrind/léttgrind-teina 608cm



**Skeifur -
hóffjaðrir**



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Opnunartími sundlauga 08.06 - 18.08. í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Neslaug

s: 486-6117



priðjudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16

Skeiðalaug

s: 486 5500

Fimmtudaga: 18 — 22

Sunnudaga: 11 — 16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.



Umsjónarmaður.

Eypór Brynjólfsson



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655